

|                     |                              |                         |                               |
|---------------------|------------------------------|-------------------------|-------------------------------|
| Dags eftirlits      | 24.11.2025                   | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir         |
| Fyrirtæki           | Carbfix                      | Eftirlitsmaður          | Sigríður Kristinsdóttir       |
| Heimili             |                              | Tegund eftirlits        | Reglubundið                   |
| Kennitala           | 5310220840                   | Flokkur                 | Föngun- og geymsla koldíoxíðs |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir | ÍSAT nr.                |                               |
| Fulltrúi fyrirtækis | Selina Hube                  | Staðsetning             |                               |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Carbfix fyrir geymslu koldíoxíðs í jörðu á Hellisheiði. Eftirlitið er framkvæmt í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og er fyrsta eftirlit stofnunarinnar með starfsleyfi Carbfix. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Samsetning koldíoxíðsstraums (gr. 2.3)
- Viðbragðsáætlun vegna leka (gr. 2.5)
- Skráningar og vöktun (gr. 4.1-4.3)
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfsleyfisins, en rekstraraðila er heimilt að taka á móti og geyma í jarðlögum allt að 106 þúsund t/CO<sub>2</sub> yfir 30 ára tímabil. Geymslusvæðið er staðsett að jarðhitasvæðinu á Hellisheiði og eru niðurdælingarstaðir fjórir; Frá Hellisheiðarvirkjun til geymslu í djúpkerfi við Húsmúla, frá lofthreinsiverum Climeworks í millikerfi úr Jarðhitagarði ON, frá þróunarmiðstöð fyrir lofthreinsitækni í millikerfi úr Jarðhitagarði ON. Ekki er fyrirþaanlegt að niðurdæling úr þróunarmiðstöð hefjist.

Rekstraraðili skal tryggja að samsetning koldíoxíðsstraums sé í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 1430/2022. Koldíoxíðstraumurinn er vaktaður í samræmi við vöktunaráætlun Carbfix.

Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlun vegna leka við vinnslu starfsleyfisins.

Minnt var á skráningar og vöktun og skil samkvæmt gr. 4.1 - 4.3 sem skila á fyrir 1. maí 2026 fyrir almanaksárið 2025.

Carbfix tilkynnti þann 12. nóvember 2025 um að styrkur ammoníum hefði mælst 0.147 mg/L í einu vatnssýni á árinu, en önnur sýni hefðu verið undir greiningamörkum sem eru 0,05 mg/L. Rekstraraðila ber að tilkynna stofnuninni þegar styrkur ammoníums mælist hærri en 0,12 mg/L ásamt áætlun um mótvægisaðgerðir. Viðsnúningsmörk ammoníums í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eru 0,4 mg/L N.

Rætt var um starfshætti, verkstjórn og umgengni á athafnasvæðinu, efni og lekavarnir og meðhöndlun úrgangs og spilliefna, verkferlar eru til staðar og ekki tilefni til athugasemda að þessu sinni.

Farið var í skoðunarferð að tveimur niðurdælingarholum, annarsvegar frá Hellisheiðarvirkjun og hinsvegar frá Climeworks. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2026



Sigríður Magnúsdóttir